

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK**  
Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

# Öryggisreglur fyrir Reykjavíkflugvöll



Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK**

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

**Isavia Innanlandsflugvellir ehf.****Öryggisreglur fyrir Reykjavíkflugvöll (BIRK)**

Eitt af megin markmiðum Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er slysalaus starfsemi á Reykjavíkflugvelli. Þessar reglur miða að því að minnka hættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem ógna öryggi.

Stefna Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er að:

1. Setja flugöryggi og flugvernd framar fjárhagslegum þáttum, hagkvæmni, afkastagetu, sveigjanleika og umhverfismálum.
2. Sjá til þess að íslenskum sem og alþjóðlegum lögum, reglum, reglugerðum, stöðlum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði flugverndar og öryggismála sé framfylgt á BIRK.
3. Lágmarka áhættu í allri starfsemi á flugvöllinum þannig að hún sé ásættanleg, og að áhætta á að flugslys verði á eða í nágrenni við flugvöllinn sé í raunhæfu lágmarki hverju sinni.
4. Hafa í verki fastmótað, skjalfest öryggisstjórnunarkerfi sem heldur utan um öryggismál á BIRK, ekki aðeins fyrir Isavia Innanlandsflugvellir ehf., heldur og líka allra þeirra sem sinna einhverri starfsemi eða þjónustu á BIRK og eru þar af leiðandi undir eftirliti Isavia Innanlandsflugvellir ehf.
5. Sjá til þess að öryggisreglur BIRK séu kynntar og þeim framfylgt.

Öryggisreglur Reykjavíkflugvallar eru sniðnar að gildandi lögum og reglugerðum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Reglurnar taka mið af þeirri starfsemi sem fram fer á flugvöllinum. Þeim er ætlað að draga úr áhættu eins og hægt er til að tryggja öryggi allra starfsmanna og farþega sem fara um Reykjavíkflugvöll.

Þjónusta við loftför og farþega krefst sérmenntaðs og vel þjálfaðs starfsfólks sem leysir verk sín hratt og fumlaut af hendi við aðstæður sem krefjast ítrustu árvekni.

f.h. Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

Viðar Jökull Björnsson  
Umdæmisstjóri; umdæmi I

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK**

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

## Efnisyfirlit

1	Tilgangur .....	4
2	Skilgreiningar: .....	4
3	Umfang.....	5
4	Öryggisreglur fyrir Reykjavíkflugvöll.....	5
4.1	Almennt.....	5
5	Aðgangsmál .....	8
5.1	Áhersluatriði tengd aðgangsstýringu.....	8
6	Öryggisreglur fyrir ökutæki og loffför .....	9
6.1	Kröfur um ástand og skoðun ökutækja .....	9
6.2	Umferðarmerkingar.....	10
6.3	Forgangsröð umferðar.....	10
6.4	Hraðatakmörk .....	11
6.5	Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla .....	11
6.6	Akstur á flughlaði .....	12
6.7	Farangurssvæði.....	14
6.8	Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum .....	14
6.9	Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum .....	14
6.10	Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum þegar AFIS þjónusta er á flugvellingum.....	16
7	Sérstakar öryggisreglur.....	16
7.1	Dráttartæki .....	16
7.2	Að ýta eða draga lofffar .....	16
7.3	Vinnuvél með færiband fyrir farangur og farm .....	17
7.4	Flutningur á farpegum og farmi .....	17
7.5	Eldsneytisáfylling lofffara .....	17
7.6	Afísing lofffara.....	17
7.7	Varasöm efni og meðferð þeirra.....	18
7.8	Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum .....	18
7.9	Merkingar varasamra efna .....	18
7.10	Meðferð eldfimra efna.....	19
7.11	Viðbrögð við neyðarástandi.....	19
7.12	Framkvæmdir á flugvallarsvæði .....	20
7.13	Viðhald og viðgerðir á loffförum utandyra .....	20
7.14	Vinnupallar og öryggismál .....	20

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK**

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

7.15	Eldsneytisbirgðastöðvar á Reykjavíkflugvelli.....	20
7.16	Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka.....	21
7.17	Vinnuvernd og heilsugæsla.....	21

**1 Tilgangur**

Öryggisreglum BIRK er ætlað að útskýra gildandi kröfur, skyldur og öryggisstaðla varðandi starfsemi á BIRK. Reglur þessar eru settar með vísan í tilheyrandi lög og reglugerðir:

**2 Skilgreiningar:**

**Aðgreint flugverndarsvæði** (Demarcated area): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnunum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflug milli landa.

**Almannaflug** (General aviation): Flug loftfars annað en atvinnuflug og verkflug.

**Almenningssvæði\*** (Landside): Sá hluti flugvallar sem ekki er flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

**Athafnasvæði** (Movement area): Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og akstur þeirra á jörðu, þ.e., umferðarsvæði og hlöð Lög nr. 50/1987, um umferðarlög.

**Flugstöð** (Terminal): Aðalbygging eða bygging þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

**Flugsvæði\*** (Airside): Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.

**Haftasvæði** (Security restricted area): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Slík svæði ná að jafnaði yfir m.a. öll brottfararsvæði á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæðis farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

**Hreint svæði á flughlaði** (Critical part of security restricted area on apron): Svæði í kringum millilandalofftar í almenningsflugi sem er afmarkað með keilum og vaktað til að tryggja svæði á flugvernd.

**Hreint svæði í flugstöð** (Critical part of security restricted area in terminal): Svæði innan flugstöðvar sem aðgengilegt er þeim sem farið hafa í gegnum öryggisleit.

**Könnun á bakgrunni** (Background check): Könnun á því hver einstaklingur er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaveril að baki. Þetta er liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði án fylgdar.

**Skimun** (Screening): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

**Umferðarsvæði** (Manoeuvring area): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur lofffara, þó ekki á hlöðum. Umferðarsvæði skiptist í flugbrautir og akbrautir.

**Öryggisstjórnunarkerfi** (Safety management system): Kerfi til að stjórna öryggi á flugvöllum, sem felur í sér stjórnunarlega uppbyggingu, ábyrgð, verklag, aðferðir og ráðstafanir til að öryggisstefnu á flugvelli sé framfylgt af rekstraraðila, sem sér um öryggisráðstafanir og örugga notkun flugvallarins.

*\*Athugasemd: Mörk almennings- og flugsvæðis eru að jafnaði um girðingu og mannvirki sem teljast hluti girðinga.*

### 3 Umfang

Reglur þessar tilgreina öryggiskröfur og umsýslu öryggismála vegna starfsemi á öllu athafnasvæði BIRK.

Öryggisreglurnar gilda fyrir en takmarkast ekki við eftirfarandi:

- Starfsfólk ISAVIA ohf. og dótturfélaga þess á BIRK.
- Starfsfólk lögreglu- og tollstjóraembættisins.
- Starfsfólk flugrekenda á BIRK.
- Starfsfólk verktaka sem vinna fyrir einhverja ofangreindra stofnana eða fyrirtækja og þurfa skammtíma- eða almenn leyfisskírteini.
- Starfsmenn eldsneytis- og flugafgreiðsluaðila.
- Alla aðra starfsmenn á BIRK og í byggingum sem að honum liggja.

### 4 Öryggisreglur fyrir Reykjavíkflugvöll

#### 4.1 Almennt

4.1.1 ISAVIA Innanlandsflugvellir ehf. setur kröfur um öryggisreglur fyrir þá þjónustu sem lýst er í reglunum. Þær skulu ekki virtar að vettugi, þeim breytt, dregið úr þeim eða felldar úr gildi með öðrum reglum og/eða af yfirvöldum öðrum en Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

4.1.2 Árangur öryggisstjórnunarkerfis ræðst af öryggisvitund og umsjón með öryggisreglum hjá öllum sem koma að starfsemi á BIRK. Stjórnendum og starfsmönnum er undantekningarlaust skylt að fara eftir þessum reglum. Brot á settum öryggisreglum getur valdið leyfissviptingu.

4.1.3 Komi upp athugasemdir um atriði í þessum reglum skal þeim skilað skriflega með undirritun upphafsaðila til ISAVIA Innanlandsflugvalla ehf. til umfjöllunar eða leiðréttingar.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

### Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

4.1.4 Fari aðili sem reglur þessar ná til ekki eftir þeim eða valdi hættuástandi, jafnvel vegna misræmis í öryggisreglum, skal skila skriflegri lýsingu á frávikum til flugvallastjóra BIRK til frekari aðgerða og/eða leiðréttingar.

4.1.5 Stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem reglurnar ná til, og getið er í grein 3 hér að framan, eru ábyrgir fyrir því að reglunum sé framfylgt meðal starfsfólks þeirra og starfsemi.

4.1.6 Forstöðumenn og stjórnendur þeirra fyrirtækja og stofnana sem reglurnar ná til, skulu sjá til þess að starfsfólk þeirra fái fræðslu um öryggismál a.m.k. einu sinni á ári. Öryggisreglurnar séu kynntar öllum þannig að þær hafi tilætluð áhrif. Halda skal skrá um menntun og þjálfun starfsmanna.

4.1.7 Stjórnendur fyrirtækja og stofnana sem reglur þessar ná til skulu leggja fram vinnu- og öryggisreglur fyrir starfsfólk sitt. Þær skulu uppfærðar á a.m.k. þriggja ára fresti eða við áhrifamiklar breytingar.

4.1.8 Góð umgengni, snyrtimennska og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg öryggisatriði á flugvöllum og flughlöðum. Bannað er að skilja eftir aðskotahluti eða lausamuni á flugvallarsvæðinu (FOD). Stjórnendur, verkstjórar og öryggisfulltrúar skulu hafa skýr ákvæði um slíkt í vinnureglum og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

4.1.9 Allir þeir sem eiga erindi um [...] flughlað, flugbrautir og flugvélaakbrautir skulu klæðast áberandi fatnaði með endurskini. Undanskildir eru farþegar á leið í og úr loftfari. Allur vinnu- og öryggisfatnaður skal vera í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Á þeim svæðum þar sem snjórúðingur eða hálkueyðing fer fram er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður á þar til búnum ökutækjum og þá með sérstakri aðgæslu.

4.1.10 Meðferð hunda, katta eða annarra gæludýra er ekki heimil á BIRK nema með sérstöku leyfi frá flugvallastjóra BIRK, og þá eingöngu til sérstakra verkefna eða starfa á flugvöllum.

4.1.11 Í samræmi við 23. grein laga nr. 75/2000, um brunavarnir, skal eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á BIRK vera á ábyrgð eiganda mannvirkis og fyrir eigið fé. Hér er átt við eldvarnaeftirlit sem eigendur og forráðamenn eða sérpjálfaðir starfsmenn þeirra annast eða aðilar á þeirra vegum, t.d. þjónustufyrirtæki eða sjálfstætt starfandi eldvarnaeftirlitsmenn.

4.1.12 Öll meðferð opins elds og allra verkfæra er geta valdið íkveikju er bönnuð á BIRK, nema með sérstöku leyfi flugvallarstjóra. Óska skal heimilda í síma 424-4000. Uppsöfnun rusls er óheimil m.t.t. eldhættu. Öll meðferð skotelda er bönnuð á BIRK.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

4.1.13 Öryggisreglurnar miðast við venjuleg veðurskilyrði. Þegar veður versnar, eykst slyshætta á öllu starfssvæði flugvallarins. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, flugverndarstarfsmenn og allir starfsmenn á BIRK verða að taka tillit til þess ástands sem getur skapast við slíkar aðstæður. Fara skal eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni og draga þannig úr áhættu. Á opnunartíma vallarins má finna nákvæma lýsingu á veðurfari á og við flugvöllinn í sjálfvirku flugvallarútvarki (ATIS, Automatic Terminal Information System, s. 424-4225). Í lélegu skyggni eykst áhætta á BIRK. Þess vegna er nauðsynlegt að takmarka alla umferð á athafnasvæði flugvallarins eins og fram kemur í grein 6.8.11 í reglum þessum. Þeir aðilar sem hafa starfsleyfi fyrir flugafgreiðslu, þjónustu eða aðra starfsemi á BIRK, skulu hafa skýrar leiðbeiningar um þessi ákvæði í öryggis- og verklagsreglum sínum eins og kveðið er á um í grein 4.1.7 hér að framan.

4.1.14 Ef neyðarástand skapast, eða slys á fólki verður og þörf er á sjúkrabifreið, skal tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112. Einnig skal tilkynna hverskonar neyðarástand, óhapp, slys eða atvik sem skapar hættuástand, til vaktstjóra flugvallarins í síma 894-3201 sem sendir flugvallarþjónustu á vettvang.

4.1.15 Til þess að draga úr áhættu á að fólk verði fyrir slysi, eignir skemmist eða að veitur rofni, skal sérhver stofnun, fyrirtæki eða einkaaðili sækja um verkleyfi hjá Flugvallarstjóra BIRK áður en framkvæmdir hefjast. Samkvæmt ákvæðum í reglugerðum skal gera áhættumat áður en framkvæmd hefst. Helstu áhættur skulu skilgreindar í matinu og gerð grein fyrir ráðstöfunum, til að draga úr áhættuþáttum þannig að niðurstöður séu ásættanlegar.

4.1.16 Slys, skemmdir eða ólag á loftfari, hversu lítil sem þau virðast vera, sem og á tækjabúnaði til þjónustu loftfars skal tilkynna strax til næsta yfirmanns og flugvallaryfirvöldum.

4.1.17 Notkun skemmtitækja, eins og snjalltæki með heyrnartól, er bönnuð við störf á BIRK.

4.1.18 Við þjónustu loftfara skal ávallt nota tækjabúnað sem viðurkenndur er fyrir stærð þess.

4.1.19 Flugsvæði BIRK er aðgangsstýrt, og ber notendum vallarins að tilkynna allar bilanir/skemmdir á hliðum og girðingum vallarins í gegn um tilkynningavef Isavia eða til vaktstjóra flugvallarins í síma 894-3201. Flugsvæði BIRK er aðgangsstýrt, og ber notendum vallarins að tilkynna allar bilanir/skemmdir á hliðum og girðingum í gegn um tilkynningavef Isavia eða til vaktstjóra flugvallarins í síma 894-3201.

4.1.20 Á flughlöðum, flugbrautum og flugvélaakbrautum eru í gildi almenn umferðarlög, lög um loftferðir, reglur um loftferðir og reglugerð um flugvelli.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkurlugvallar

---

### 5 Aðgangsmál

Aðgangsstýring að flugsvæði

#### 5.1 Áhersluatriði tengd aðgangsstýringu

5.1.1 Flugsvæði Reykjavíkurlugvallar er aðgangsstýrt. Girðingar, hlið og hurðir milli almennings- og flugsvæðis skulu ávallt vera tryggilega frágengin og læst þegar engin umferð er um þau. Hlið og hurðir sem aðilar nota til ferða inn á flugsvæði, haftasvæði og svæði sem liggja að flug- og akbrautum eru aðgangsstýrð með aðgangsstjórnunarkerfi eða mannaðri vakt/stjórnun.

5.1.2 Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á flugsvæði flugvallar, þ.m.t. haftasvæði, hafi þeir gilda aðgangsheimild.

5.1.3 Gestir á ábyrgð og undir umsjá aðila með gilda aðgangsheimild eru undanþegnir lið 5.1.2.

5.1.4 Starfsaðilar með starfsemi eða byggingar sem tengja almennings- og flugsvæði bera ábyrgð á stjórnun umferðar um og í gegnum aðstöðu sína.

5.1.5 Þegar aðili fer akandi um hlið á flugsvæði ber honum að gæta þess að enginn fari í gegn á eftir honum. Til þess að passa það skal ökumaður stöðva ökutæki þegar í gegnum hliðið er komið og bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu.

5.1.6 Glatist aðgangsheimild skal það tilkynnt skrifstofu aðgangsheimilda tafarlaust og umsókn fyllt út að nýju ef gefa þarf út nýja heimild.

5.1.7 Allir sem fara um, eða starfa á flugsvæði, skulu bera auðkennisspjald á sýnilegum stað.

5.1.8 Rekstraraðila flugvallar er heimilt að svipta handhafa aðgangsheimild og/eða aðgangstækjum að flugsvæði vegna brota gegn lögum og reglum eða ef talið er varhugavert, vegna eðli brots eða annars framferðis, að hann noti tæki eða hafi aðgangsheimild. Hægt er að svipta leyfishafa aðgangsheimild/aðgangstækjum tímabundið eða ótímabundið. Ákvörðun sviptingar skal vera rökstudd og leyfishafa gefinn kostur á að njóta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Rekstraraðila flugvallar skal heimilt að afturkalla tímabundið aðgangsheimild/aðgangstæki meðan á málsmeðferð stendur.

Sjá nánar aðgangsreglum Reykjavíkurlugvallar á  
<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/reykjavikurlugvollur/adgangur-og-oryggi/adgangsreglur>

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar



## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

### 6 Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför

*Akstri ökutækja og vinnuvéla innan flugsvæðis og svæði einkaskýla skal haldið í lágmarki. Akstur ökutækis án aðgangsheimildar er óheimill nema aðili með gilda aðgangsheimild taki ábyrgð á akstri þess og ökutækið sé í fylgd með ökutæki sem hefur gilda aðgangsheimild og viðeigandi búnað. Áður en aðili veitir ökutæki aðgang að flugsvæði ber honum að ganga úr skugga um að ekkert tortryggilegt eða grunsamlegt sé í ökutækinu og að ökumaður þess sé upplýstur um þær akstursreglur sem gilda innan flugsvæðis.*

#### 6.1 Kröfur um ástand og skoðun ökutækja

6.1.1 Fyrirtæki og stofnanir sem nota ökutæki, vinnuvélar, kerrur, stiga og annan slíkan búnað á BIRK, eru ábyrg fyrir eðlilegu viðhaldi þeirra og að halda skrá um notkun, eignarhald, viðhald og tjónasögu og gátlista hvers ökutækis. Öll þessi gögn skulu ávallt aðgengileg til skoðunar.

6.1.2 Til að öðlast heimild til aksturs um flughlöð skulu ökutæki uppfylla þær kröfur um ástand sem settar eru fram neðangreint:

Eftirfarandi búnaður skal vera í öllum tækjum:

- Ljósabúnaður ökutækisins, aðalljós, stefnu- og stöðuljós bæði aftan og framan, stefnu- og aðvörunarljós í mælaborði þar sem það á við, sem og gulur ljósviti.
- Dagsetningar síðustu skoðunar slökkvitækja og sjúkrakassa.
- Enginn aðskotahlutur eða verkfæri laus í eða utan á ökutæki.
- Hemlabúnaður og handhemill.
- Einangrun rafmagnsvíra og eldsneytis-, olíu- eða þrýstivökvaleki.
- Aðgangskort (A-akstursleyfi) í tækjum sem segja til um heimild og gildistíma tækis.

6.1.3 Ökutæki sem fyrirhugað er að aka um flughlöð, flugvélaakbrautir og flugbrautir skulu auk upptalningar í 6.1.2 vera búin:

- Talstöð sem tryggir öruggt samband við flugturn og skal kallmerki ökutækisins vera tilgreint á lista uppi í Turni.
- Kort af flugvellinum.
- Aðgangsheimild fyrir flugvélaakbrautir og flugbrautir (D-akstursleyfi) með kallmerki ökutækisins á aðgengilegum stað, í þeim ökutækjum sem heimild hafa til að fara um flugvélaakbrautir og flugbrautir.

6.1.4 Virkt eftirlitskerfi skal notað við skoðun tækjanna og gátlistar gerðir fyrir hvert ökutæki og vinnuvél sem taki til a.m.k. þeirra grundvallaratriða sem getið er í greinum 6.1.2. og 6.1.3 hér að ofan og skoðist a.m.k. einu sinni á ári.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

6.1.5 Öll skráningarskyld ökutæki tengd starfsemi á Reykjavíkflugvelli skulu ávallt standast skoðun samkvæmt gildandi umferðarlögum og gildandi reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

6.1.6 Allur vélknúinn tækjabúnaður sem ekki er skráningarskyldur samkvæmt umferðarlögum og notaður er til þjónustu við loftför á flugvélastæðum skal ávallt standast skoðun samkvæmt viðkomandi reglugerð hjá Vinnueftirlitinu.

### 6.2 Umferðarmerkingar

*Umferðarmerkingar, leiðbeiningarmerkingar og aðvörunarskilti eru til upplýsingar fyrir ökumenn í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.*

### 6.3 Forgangsröð umferðar

*Í daglegri starfsemi á BIRK er kapp lagt á að áætlun flugrekenda raskist ekki. Brýnt er að öryggi sé ávallt haft í fyrirrúmi og sérstaklega á annatíðum. Til að auka öryggi umferðar á flugvöllinum gildir forgangsröðun.*

6.3.1 Á flugvöllinum hafa loftför sem eru í landingu eða flugtaki forgang. Þar næst er forgangsröðin eftirfarandi:

1. Neyðarbifreiðar í forgangsakstri.
2. Flugvélar í akstri undir eigin vélarafli.
3. Ökutæki við snjóhreinsun, hálkuvarnir, sópun, bremsumælingar og brautarskoðanir.
4. Ökutæki með flugvél í eftirdragi.
5. Þjónustubifreiðar.
6. Önnur ökutæki.

6.3.2 Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð á flugbrautum og flugvélaakbrautum nema í neyðartilvikum og við eðlilegt viðhald.

6.3.3 Ökumönnum og fótgangandi er skylt að víkja fyrir loftförum. Stöðva ber í tæka tíð og í nægjanlegri fjarlægð frá loftfari þar til það hefur farið hjá. Bannað er að aka fram úr loftfari. Ökumenn skulu gæta þess að ljós ökutækja trufli ekki loftför í landingu, flugtaki eða akstri á flugvöllinum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkurlugvallar

6.3.4 Tendra skal viðvörunarljós (Anti Collision Lights) loftfara, áður en hreyflar eru ræstir. Öll umferð á flughlaði skal vera í öruggri fjarlægð frá loftfari eftir að viðvörunarljós hafa verið tendruð.



Höf:óþekktur

### 6.4 Hraðatakmörk

6.4.1 Hámarkshraði ökutækja er eftirfarandi:

- a. 50 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum.
- b. 30 km/klst. á flughlöðum.
- c. 10 km/klst í námunda við loftför.

Ökutæki og vinnuvélar sem starfrækt eru til snjórúðnings, bremsumælinga og ökutæki í neyðarakstri skulu undanþegin ákvæðum í liðum a. til b. hér að framan.

### 6.5 Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla

6.5.1 Stjórnendur ökutækja bera ábyrgð á því að hafa tilskilin ökuréttindi í gildi til aksturs í samræmi við landslög. Þar með talin ADR réttindi við flutning á hættulegum farni.

6.5.2 Mikilvægt er að nota stefnuljós þar sem við á til að koma í veg fyrir slys. Ökumenn eru hvattir til að gefa stefnuljós með góðum fyrirvara.

6.5.3 Ökumenn eru ábyrgir fyrir að hafa ávallt stjórn á ökutækinu.

6.5.4 Forðast skal að stilla aðalljós ökutækis á háan geisla, draga þannig úr þeirri áhættu á að blinda loftfar í akstri eða aðra umferð.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

- 6.5.5 Ökutækjum með lyftibúnaði skal ávallt ekið með lyftibúnað í eins lágri stöðu og mögulegt er.
- 6.5.6 Aðeins er leyfilegt að aka fram úr hægfara ökutæki við öruggar aðstæður og þá án þess að farið sé út fyrir merkta ökuleið.
- 6.5.7 Að minnsta kosti 10 metrar skulu vera milli ökutækja á ferð þar sem 50 km/klst ökuhraði er leyfður.
- 6.5.8 Ökutæki skal ávallt víkja fyrir loftfari, hvort sem það er á ferð fyrir eigin vélarafli eða í drætti.
- 6.5.9 Ökutæki skal ekki aka yfir akbraut flugvéla ef loftfar er þar á ferð. Ávallt skal biðja um leyfi frá flugturni ef ætlað er að aka yfir flugbraut. A.m.k. 100 metra fjarlægð skal vera í næsta loftfar jafnt aftan sem framan við það.
- 6.5.10 Hvergi er leyfilegt að skilja ökutæki eftir í gangi á athafnasvæðum flugvallarins.
- 6.5.11 Ekki skal leggja og forðast skal að stöðva ökutæki á merktum ökuleiðum.
- 6.5.12 Ekki skal leggja ökutæki þar sem það kann að verða í vegi fyrir flugvél eða öðrum ökutækjum eða þar sem ökutækið gæti valdið hættu eða óþarfa óþægindum.
- 6.5.13 Notkun bifhjóla er bönnuð á flugvélaakbrautum og flugbrautum flugvallarins.
- 6.5.14 Notkun reiðhjóla er bönnuð á athafnasvæðum flugvallarins.

## 6.6 Akstur á flughlaði

- 6.6.1 Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka á flughlaði verða að hafa lokið rafrænu námskeiði sem er viðurkennt af Isavia. Heiti akstursleyfis eru A-réttindi.
- 6.6.2 Bannað er að aka yfir slöngur, jarðsambands- eða rafmagnskapla né eldsneytisleiðslur.
- 6.6.3 Ökutækjum skal hvorki ekið né lagt undir loftfari eða vængjum nema sérstök þjónusta við loftfarið krefjist þess.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK****Samþykkjandi:** Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

6.6.4 Þegar tæki er ekið að loftfari til þjónustu skal leggja áherslu á að gera það samhliða langlínu loftfarsins. Leggja skal tækinu með hjól í beinni stöðu (ekki í beygju) og að stefna tækisins sé í átt frá loftfarinu. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar nauðsynlega þarf að aka beint að loftfari.

6.6.5 Á fluglaði skal ávallt aka eftir merktum ökuleiðum. Þurfi ökutæki að víkja af merktum ökuleiðum til þjónustu við loftfar, skal nota merкта ökuleið eins lengi og mögulegt er. Velja skal stystu leið til baka inn á merкта ökuleið. Undanþágu frá þessu ákvæði hafa ökutæki og vinnuvélar ISAVIA á BIRK vegna starfa sinna. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa og aka í öruggri fjarlægð frá kyrrstæðu loftfari. Þar sem ekki er merkt ökuleið skal lágmarksfjarlægð vera a.m.k.:

- 5 metrar frá ímyndaðri línu sem miðast við vængenda, nef og stél loftfars.
- 15 metrar frá sömu mörkum þegar eldsneytisafylling á sér stað (sbr. liður 7.10.4).

6.6.6 Fólk og ökutæki skulu fara um í a.m.k.:

- 3 metra fjarlægð frá loftventlum eldsneytistanka í loftfari.
- 6 metra fjarlægð fyrir framan hreyfil sem er í gangi.
- 175 metra fjarlægð fyrir aftan hreyfil sem gengur hægagang.

6.6.7 Bannað er að aka hverskonar tækjabúnaði eða ökutæki aftur á bak að eða frá loftfari nema með aðstoð annars aðila sem segir ökumanni til og tryggir öryggi aftan við ökutækið (undantekning frá þessari reglu er ef útsýni aftur fyrir ökutækið er óhindrað).

6.6.8 Farþegar mega aðeins vera í tækjum sem búið eru farþegasætum.

6.6.9 Reynist nauðsynlegt að nálgast loftfar sem búið er að ræsa hreyfla á, skal fyrst hafa samband við þann starfsmann á fluglaðinu sem er í talsambandi við stjórnendur viðkomandi loftfars.

6.6.10 Tækjabúnaður og ökutæki skulu ekki vera á stæði eða of nálægt því, þegar loftfari er ýtt úr stæði.

6.6.11 Engu ökutæki er leyfilegt að aka inn á eða yfir flugvélastæði nema ökutæki sem er notað til þjónustu við loftfar á viðkomandi stæði.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

6.6.12 Ökutækjum og tækjabúnaði á flughlaði skal aðeins leggja á viðurkenndum stæðum. Sérstaklega skal varast að hindra ekki hugsanlega neyðarútgöngu farþega úr loftfari eða hugsanlega aðkomu slökkviliðs og ekki skyggja á slökkvitæki á stæðinu eða neyðarstöðvun fyrir eldsneytisáfyllingu.

### 6.7 Farangurssvæði

6.7.1 Akstur ökutækja er bannaður um þau svæði þar sem farangur er meðhöndlaður nema þeim sem koma að verkinu hverju sinni.

6.7.2 Bannað er að stytta sér leið um svæði þar sem ferming eða afferming farangurs loftfara á sér stað.

6.7.3 Halda skal flughlöðum hreinum. Sérstaka áherslu skal leggja á stæði fyrir loftför og svæði þar sem farið er með farangur og farm þar sem hætta er á afgangsumbúðum og aðskotahlutum. Þó að stjórnendur á svæðinu hverju sinni séu ábyrgir fyrir eðlilegri umgengni, þá er enginn undanskilinn ábyrgð.

### 6.8 Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum

6.8.1 Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka um flugvélaakbrautir og flugbrautir verða að hafa lokið og staðist rafrænt námskeið um akstursleyfi D sem er viðurkennt af Isavia, hafa farið í verklega kennslu á ábyrgð næsta yfirmanns og hafa staðist hæfnismat hjá ISAVIA á BIRK.

6.8.2 Stjórnendur ökutækja á flugvallarsvæði skulu ávallt hafa meðferðis ökuskipteini sem gildir fyrir viðkomandi ökutæki og D akstursleyfi þar sem við á.

6.8.3 Aðgangsheimild fyrir BIRK gildir í fimm ár. Þeir sem þurfa leyfi til aksturs á flugvélaakbrautum og flugbrautum skulu einnig endurnýja þau réttindi á fimm ára fresti. Ef óskað er eftir akstursheimild eftir að aðgangsheimild er tekin í gildi skal akstursheimild gilda jafnlengi og aðgangsheimildin.

6.8.4 Brot á öryggisreglum Reykjavíkflugvallar getur valdið afturköllun aðgangsheimildar og endurtekin brot geta valdið afturköllun á rekstrarleyfi.

### 6.9 Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum

6.9.1 Ökumenn skulu þekkja þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og ökutækja sem fyrirhugað er að aka inn á flugvélaakbrautir eða flugbrautir (umferðarsvæðum/manouvering area) (sbr. kafli. 6.1). Ökumaður skal ávallt notast við rétta orðtakanotkun og lesa fyrirmæli/samskipti frá flugturni orðrétt til baka.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

**HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK****Samþykkjandi:** Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

6.9.2 Áður en ekið er inn á flugvélaakbraut eða flugbraut, skal ökumaður óska akstursleyfis hjá flugturni. Fólki eða ökutækjum er óheimilt að fara út á flugbrautir eða flugvélaakbrautir nema nauðsyn beri til vegna öryggis flugsins, viðhalds, endurbóta eða annarra nauðsynlegra starfa. Þegar beðið er eftir akstursleyfi skal vera í a.m.k. 60 metra fjarlægð frá flugvélaakbraut og/eða brún flugbrautar. Framúrakstur eða stöðvun ökutækis er bönnuð og virða skal stöðvunarskyldu við flugbrautina.

6.9.3 Þegar ekið er eftir flugvélaakbraut eða flugbraut skal ávallt aka hægra megin nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

6.9.4 Ef ökumaður villist skal hann stöðva tæki utan öryggissvæðis og láta flugturn tafarlaust vita.

6.9.5 Bannað er að skilja ökutæki eftir mannlaust á flugbraut, flugvélaakbraut eða á flughlaði nema með leyfi flugturns.



6.9.6 Bili ökutæki á flugbraut og/eða flugvélaakbraut skal láta flugturn vita og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ökutækinu út af brautinni.

6.9.7 Ef skyggni er minna en 550 m er öll ónauðsynleg umferð ökutækja þá bönnuð. Aðeins ein flugvél má vera á ferð á flugvellinum í einu. Þá skal fjöldi einstaklinga og ökutækja við vinnu á flughlaði takmarkaður að nauðsynlegu lágmarki. Á þeim svæðum sem snjóruðningur fer fram hverju sinni, er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður og þá með sérstakri aðgæslu.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

### 6.10 Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum þegar AFIS þjónusta er á flugvelli

6.10.1 Allur akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum, að undanskilinni starfsemi flugvallarþjónustu, er óheimill á meðan AFIS þjónusta er á flugvelli. Í undantekningartilvikum gefur flugvallastjóri undanþágu frá þessu.

## 7 Sérstakar öryggisreglur

### 7.1 Dráttartæki

7.1.1 Aðeins viðurkennd dráttartæki sem standast skoðun Vinnueftirlitsins og eru í lagi samkvæmt eigin eftirliti eiganda skal nota til að draga farangurs- eða farmvagna.

7.1.2 Dráttartæki skal ekki skilið eftir í gangi. Ef farið er úr sæti ökumanns skal slökkt á vél og handhemill settur á.

7.1.3 Ef farangurs- eða farmvagn er aftengdur frá dráttartæki skal handhemli hans vera beitt eða tryggja kyrrstöðu með öðrum hætti.

### 7.2 Að ýta eða draga loftfar

7.2.1 Aðeins sérpjálfaðir starfsmenn sem hlotið hafa þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun afgreiðsluaðila flugrekanda, í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni, hafa heimild til að ýta og/eða draga loftfar.

7.2.2 Aðeins viðurkennd dráttartæki fyrir viðkomandi stærð loftfars og sem standast skoðun Vinnueftirlits ríkisins, og eru í lagi samkvæmt eigin eftirliti eiganda skal nota til að ýta eða draga loftfar.

7.2.3 Svæðið sem loftfarið fer um skal vera hindrunarlaust og öruggt áður en ýtt er af stað.

7.2.4 Tryggja ber að viðvörðunarljós/blikljós (anti collision lights), sem eiga að vera á hverju loftfari og eykur sýnileika þess, séu kveikt áður en því er ýtt af stað.

7.2.5 Ekki skal reyna að draga loftfar áfram eftir að hreyflar þess hafa verið ræstir.

7.2.6 Sé loftfar dregið á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut skulu viðvörðunarljós/blikljós (anti collision lights) og siglingaljós (navigation lights), sem gefa til kynna stefnu, stærð og stöðu loftfars, ávallt vera kveikt.

7.2.7 Hámarkshraði við drátt loftfars á flughlaði, flugvélaakbraut eða flugbraut skal vera 20 km á klst.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar



## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

### 7.3 Vinnuvél með færiband fyrir farangur og farm

7.3.1 Áður en vinnuvél með færibandi er notuð skal [...] yfirfara öryggisatriði tækisins svo tryggt sé að það starfi rétt.

7.3.2 Tækið skal ávallt skilið eftir með handhemil á.

7.3.3 Rekstraraðilar skulu yfirfara tækin sín og gæta þess að viðhalda þeim eftir leiðbeiningum framleiðanda og vinnueftirliti ríkisins.

### 7.4 Flutningur á farpegum og farmi

7.4.1 Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari með viðurkenndum fólksflutningabifreiðum og eftir öryggisreglum um fólksflutninga. Þegar viðvörðunarljós (Anti collision lights) loftfars hafa verið slökkt eftir innkomu á stæði, þá eru öryggismál á stæðinu (þar á meðal ábyrgð á öryggi farþega viðkomandi loftfars og áhafnar) komin á ábyrgð viðkomandi þjónustuaðila, þegar þeir stíga frá borði viðkomandi loftfars og út á stæðið.

7.4.2 Ganga skal þannig frá farmi og farangri til flutnings um flughlöð að ekki skapist hætta af og frágangur sé tryggur. Ef nauðsynlegt reynist að taka krappa beygju skal gera það með varúð og sérstaklega ef verið er með tengivagna í eftirdragi.

7.4.3 Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari eftir viðurkenndum inn- og út- akstursleiðum flugvallaryfirvalda.

### 7.5 Eldsneytisáfylling loftfara

7.5.1 Gildandi reglugerðum skal fylgt við eldsneytisáfyllingu loftfara. Þar að auki er farið eftir nýjustu útgáfum rekstrarhandbóka alþjóðlegra olíufélaga um eldsneytisáfyllingu loftfara (Aviation Operating Standards og Joint Inspection Guidelines) eins og við á hverju sinni.

### 7.6 Afísing loftfara

7.6.1 Við afísingu loftfara skal fylgja gildandi reglugerð um afísingu. Þeir flugafgreiðsluaðilar sem hafa með höndum afísingar- og ísvarnarþjónustu (de-icing/anti-icing) fyrir loftför á BIRK skulu hafa viðurkenndar öryggis- og vinnureglur fyrir slíka starfsemi í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni.

7.6.2 Við afísingu loftfara skal einungis nota viðurkenndan búnað. Til að tryggja öryggi notenda tækjabúnaðarins og annarra á afísingarsvæðinu, skal ávallt yfirfara tækjabúnaðinn fyrir notkun. Eftirlit með ástandi ökutækja og búnaðar til afísingar skal vera í samræmi við 6. kafla hér að framan.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

7.6.3 Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn skulu afísa eða ísverja loftför á Reykjavíkflugvelli. Sama gildir um meðhöndlun efna sem notuð eru hvort sem er til afísingar eða tímabundinnar ísvarnar.

7.6.4 Rekstraraðilar skulu leitast eftir því að nota umhverfisvænstu úrræði/efni hverju sinni.

### 7.7 Varasöm efni og meðferð þeirra

7.7.1 Varúðarráðstafanir og öryggisreglur vegna geymslu og notkunar varasamra efna skulu vera í samræmi við gildandi reglugerð um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum.



7.7.2 Atvinnurekandi skal í samræmi við gildandi reglugerð, sem grein 7.8.1 hér fyrir neðan vitnar í, tryggja að starfsmenn fái nægilega og viðeigandi þjálfun í forvörnum og þekki merkingar á varasömum varningi, varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við efnaslysum.

7.7.3 Ef varasöm efni losna úr læðingi skal tafarlaust tilkynna það til varðstjóra BIRK í síma 894-3201 og vara aðra á svæðinu við hættunni.

### 7.8 Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum

7.8.1 Reglur um efnanotkun á vinnustöðum er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is). Sjá lög um efni og efnablöndur, þar eru ákvæði um öryggisblöð (safety data sheet), reglugerð um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum og reglugerð um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum. Þessi lög og reglugerðir má finna hér í upptalningu framar.

### 7.9 Merkingar varasamra efna

7.9.1 Allur varasamur varningur sem fer um BIRK skal vera merktur í samræmi við reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, Um tæknikröfur og stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara, um flutning á hættulegum farni á landi og í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar um.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

7.9.2 Allur varasamur varningur skal merktur með viðeigandi fjögurra stafa „UN“ einkennisnúmeri sem skilgreinir nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna viðkomandi varnings.



### 7.10 Meðferð eldfimra efna

7.10.1 Meðferð eldfimra efna skal vera í samræmi við gildandi lög um brunavarnir.

7.10.2 Reykingar eru bannaðar á BIRK.

7.10.3 Notkun tækjabúnaðar sem gefur frá sér neista eða eld er bannaður á flughlaði nema við öruggar aðstæður og þá með samþykki flugvallaryfirvalda.

7.10.4 Sérstök varúð skal viðhöfð í nálægð við loftfar þegar eldsneytisáfylling fer fram. Aðeins skal ekið á merktum ökuleiðum, og ekki nær en í 15 metra fjarlægð.

7.10.5 Atvinnurekendur skulu tryggja að allir starfsmenn á flughlöðum hafi lokið námskeiði um verklagsreglur, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum og eldsvoða.

### 7.11 Viðbrögð við neyðarástandi

7.11.1 Skapist neyðarástand skal tafarlaust tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112, aðvara síðan alla sem eru í hættu, rýma svæðið og taka á móti björgunarliði með leiðbeiningum eftir föngum. Sjá nánar í Flugslysaáætlun fyrir Reykjavíkflugvöll á vefsíðu Almannavarna.

7.11.2 Í grein 4.1.6 hér að framan er tilgreind ábyrgð forstöðumanna um þjálfun starfsfólks, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum eða eldsvoða. Notkun slökkvitækja og annars öryggisbúnaðar, staðsetning neyðarrofa til að stöðva eldsneytisáfyllingu, staðsetning brunaboða og hlutverk öryggisfulltrúa eru grundvallaratriði sem allir starfsmenn verða að þekkja.

7.11.3 Upplýsingar um neyðarútganga og viðbrögð við neyðarástandi skulu hanga uppi á áberandi stöðum á hverjum vinnustað á BIRK.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

### 7.12 Framkvæmdir á flugvallarsvæði

7.12.1 Allar framkvæmdir eru óheimilar innan flugvallarsvæðis nema með leyfi flugvallayfirvalda.

7.12.2 Þegar flugvallayfirvöld hafa gefið slíkt leyfi, skal farið ítarlega yfir [VL705 10 Öryggisreglur fyrir framkvæmdir innan flugvallarsvæðis](#) með framkvæmdaraðila.

7.12.3 Tilkynna skal allar hindranir sem áætlað er að reisa í og við flugvöllinn til flugvallayfirvalda. Skulu þær hindranir metnar eins og lýst er í [VR435 17 Hindrunarmat](#).

7.12.4 Þegar svo ber undir eru hindranir, bæði skammtíma og langtíma, tilkynntar með NOTAM.

### 7.13 Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra

7.13.1 Hvar sem viðgerð eða viðhald á loftfari fer fram skal forðast að eldsneyti, olía eða þrýstivökvi mengi umhverfið. Tafarlaust skal hreinsa upp það sem niður fer og óska eftir aðstoð flugvallarþjónustu ef magnið er meira en svo að það þeki 5 fermetra svæði.

7.13.2 Flugafgreiðsluaðilar eru ábyrgir fyrir öryggi og hreinlæti á því svæði sem þeir starfa á hverju sinni.

7.13.3 Við viðhaldsvinnu á loftfari utandyra er þjónustuaðili ábyrgur fyrir því að farið sé eftir viðeigandi öryggis-/verklagsreglum og reglugerðum hverju sinni.

### 7.14 Vinnupallar og öryggismál

7.14.1 Vinnupallar, körfubifreiðar, lyftarar og allur búnaður sem nota skal við tímabundna vinnu skal uppfylla öll öryggisatriði sem sett eru í viðeigandi reglugerðum og leiðbeiningum eins og vinnueftirlitið gerir kröfu um.

### 7.15 Eldsneytisbirgðastöðvar á Reykjavíkflugvelli

7.15.1 Eldsneytisbirgðastöðvar á BIRK og flutningar eldsneytis að þeim skal vera í samræmi við gildandi reglugerð um eldfima vökva, gildandi reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og gildandi reglugerð um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, við geymslu á eldsneyti og dreifingu þess frá birgðastöðvum til afgreiðslustöðva.

7.15.2 Takmarka skal umferð gesta inn á svæði eldsneytisbirgðastöðva á flugvellingum og enginn óviðkomandi skal vera þar án eftirlits.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar
---

## HB510 01 - 5 Öryggisreglur BIRK

Samþykkjandi: Flugvallastjóri Reykjavíkflugvallar

---

7.15.3 Handbók með viðbragðsáætlun sem gefur skýrar upplýsingar um viðbrögð við neyðarástandi skal vera aðgengileg hjá flugvallarstjóra og annað eintak í skrifstofu viðkomandi rekstraraðila.

7.15.4 Ávallt skal halda hreinum olúskiljum sem hirða eldsneyti sem gæti farið niður á svæðinu ásamt niðurföllum og leiðslum að slíkum skiljum.

### 7.16 Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka

7.16.1 Verði vart eldsneytisleka við áfyllingu loftfars skal tafarlaust tilkynna það til flugvallarþjónustu flugvallarins í síma 894-3201 sem hefur samband við Neyðarlínuna í síma 112 og flugvallarstjóra ef þurfa þykir. Stöðva skal dælingu eldsneytis. Vara skal alla á svæðinu við eldhættu og rýma svæðið í átt á móti vindi. Uppgufun frá eldsneyti berst með vindi og því er áriðandi að vélar séu ekki hafðar í gangi undan vindátt eða eitthvað það sem kveikt gæti í eldfimum gufum.

7.16.2 Standi ökutæki með aflvél í gangi á flugvélastæðinu má aka því stystu leið frá eldsneytinu gegnt vindátt. Ekki skal gangsetja ökutæki á stæðinu til að koma því burt.

7.16.3 Tryggja skal aðkomu slökkviliðs og vísa á réttan stað.

7.16.4 Beina skal allri umferð frá svæðinu.

### 7.17 Vinnuvernd og heilsugæsla

7.17.1 Forstöðumenn fyrirtækja og deilda á BIRK eru ábyrgir fyrir því, að farið sé að gildandi lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ásamt því að halda uppi markvissu forvarnarstarfi, vinnustaðaeftirliti og þeim ákvæðum sem þar koma fram.

7.17.2 Í II. kafla laganna, 5. grein, segir að þar sem starfsmenn séu 10 eða fleiri, skuli atvinnurekandi tilnefna einn öryggisvörð af sinni hálfu og starfsmenn annan úr sínum hópi sem öryggistrúnaðarmann. Þeir skuli í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við umrædd lög.

7.17.3 Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa tvo fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Frekari tilgangur nefndarinnar sem og fulltrúa hennar er skilgreindur í lögnum.

Útprintunin er gild ef útgáfunúmer er sama og rafræns eintaks rekstrarhandbókar